



Fljótsdalshreppur

Eftirfarandi bókun var gerð á sveitarstjórnarfundum Fljótsdalshrepps 3.mars 2020.

Er varðar frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Mál 29/2020

Efni frumvarpsins er tvískipt. Annars vegar þau ákvæði sem hafa þann tilgang að mæla fyrir um lágmarksíbúafjölda sveitarfélaga, aðlögun að slíku ákvæði og hvernig málsmeðferð skuli háttað þegar ráðherra hefur frumkvæði að sameiningu sveitarfélaga. Hins vegar önnur ákvæði frumvarpsins sem tengjast sameiningum sveitarfélaga, svo sem ákvæði sem skýrir heimildir sveitarfélaga til að nýta fjarfundarbúnað á fundum sínum.

Sveitarstjórn hefur fengið frest til að skila inn athugasemdum til 5.3.2020.

Tillaga er um að umsögn verði veitt og verði eftirfarandi:

Samkvæmt tillögunni sem ráðherra samgöngu-og sveitarstjórnarmálefna hefur lagt fram og er dags. 12. febrúar 2020 og er til umsagnar á Samráðsgátt stjórnvalda, verður ekkert sveitarfélag minna en 250 íbúar árið 2022 og ekkert sveitarfélag minna en 1000 íbúar árið 2026. Gert ráð fyrir lögþvinguðum sameiningum, þ.e. að íbúar eigi þess ekki kost að kjósa um sameiningu við önnur sveitarfélög.

Sveitarstjórn Fljótsdalshrepps mótmælir öllum hugmyndum um lögþvingaðar sameiningar sveitarfélaga á Íslandi eins og þær birtast í frumvarpi að lögum um breytingar á sveitarstjórnarlögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Sveitarstjórn hvetur ríkisstjórn og Alþingi að virða lýðræðislegan sjálfsákvörðunarrétt íbúa í eigin málefnum. Sjálfsákvörðunarrétturinn er varinn í stjórnarskrá, sveitarfélagalögum og Evrópusáttmála um sjálfsstjórn sveitarfélaga. Sveitarstjórn telur líka að þetta sé mjög stuttur fyrirvari á þvingaðri sameiningu.

Sveitarstjórn leggur til breytingar á 2. gr. frumvarpsins og hún verði svohljóðandi :

2.grein.

Í stað 3. mgr. 17. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi: Heimilt er að nota fjarfundarbúnað á sveitarstjórnarfundum og öðrum fundum nefnda sveitarfélagsins, ef aðstæður mæla með því að slíkur búnaður sé notaður og sveitarstjórnarmaður er staddur í sveitarfélaginu eða í erindagjörðum innanlands. (...) Skal þá mælt fyrir um notkun slíks búnaðar í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins. Þegar fjarfundarbúnaður er notaður skal

tryggja jafna möguleika allra fundarmanna til þátttöku í fundi og atkvæðagreiðslu, óskerta möguleika þeirra sem viðstaddir eru fund til að fylgjast með því sem þar fer fram, sbr. 1. mgr. 16. gr., og öryggi samskipta milli fundarmanna.“

Greinargerð:

Sveitarstjórn telur mikilvægt að fulltrúar í sveitarstjórn og nefndum sveitarfélagsins sé kleift að starfa og taka þátt í fundum þó svo að viðkomandi sé tímabundið staðsettur fjarri heimahögum svo lengi sem viðkomandi er enn með lögheimili í sveitarfélaginu. Þetta á ekki síst við á landsbyggðinni enda ekki óalgengt að fólk þurfi að sækja vinnu í nærliggjandi sveitarfélög daglega, einnig gætu sveitarstjórnarmenn þurft að sækja vinnu tímabundið enn fjarri heimahögum eða hugsanlega sækja sér menntunar í menntastofnanir sem ekki eru staðsettar innan sveitarfélagsins, svo sem framhaldsnám eða háskólanám. Til að tryggja fjölbreytni í sveitarstjórnnum er mikilvægt að íbúar sveitarfélags geti tekið þátt í sveitarstjórn óháð því hvernig atvinnu þess eða námi er háttað svo lengi sem kjörinn fulltrúi er með lögheimili í sveitarfélaginu.

Sveitarstjórn Fljótsdalshrepps tekur undir umsögn sveitarstjórnar Grýtubakkahrepps um mörg önnur atriði í frumvarpinu, sem að mati sveitarstjórnar ganga engan veginn upp í þessari umræðu allri. Þó verður að setja fram það álit sveitarstjórnar að okkar tilfinning er að ekki er öll sagan sögð í þessum gjörningi ráðherra og raunveruleg ástæða fyrir þessu frumvarpi er aldrei sett fram.

Végarði Fljótsdal 5. mars 2020

Jóhann F. Þórhallsson

Oddviti Fljótsdalshrepps